

<i>Titill:</i>	Fimmti fundur notendahóps rannsóknasamfélagsins
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	Hagstofa Íslands. 16.01.2018
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Anton Örn Karlsson, Margrét Valdimarsdóttir og Ólafur Arnar Þórðarson.
<i>Fundarmenn:</i>	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Félagsvísindastofnun Katrín Ólafsdóttir, Háskólinn í Reykjavík Kristjana Einarsdóttir, Heilbrigðisvísindasvið HÍ. Sveinn Agnarsson, Félagsvísindasvið HÍ. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Félagsvísindasvið HÍ.
<i>Fundarstjóri:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson

1. Kynning

- a. Ólafur Arnar og Margrét opnuðu fundinn og kynntu dagskrá fundarins.

2. Rannsóknarþjónustan-Próun frá síðasta fundi

a. Gagnavinnsla á Iðunni

Margrét fór yfir stöðu mála varðandi gagnavinnslu í gegnum fjarðaganginn/vefský (Iðunni). Frá síðasta fundi hafa fimm nýir rannsakendur fengið aðgang að trúnaðargögnum Hagstofunnar í gegnum Iðunni. Alls hafa nú 8 rannsakendur aðgang að gögnum Hagstofunnar í gegnum Iðunni. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands er bakhjarl 6 af þeim 8 rannsakendum. Háskólinn í Reykjavík og Seðlabanki Íslands eru jafnframt með aðgang að trúnaðargögnum í gegnum vefskýið.

Almennt hefur gengið vel með úrvinnslu gagna í gegnum Iðunni. Eftir að rannsóknarþjónustunni var tilkynnt að gagnavinnskur á svæði Félagsvísindasviðs væru hægar lét Hagstofan stækka þá vél. Gagnavinnskur hafa gengið hraðar í kjölfarið. Sumir rannsakendur eru þó að vinna með mjög stórar gagnaskrár sem taka töluverðan tíma í vinnslu, en stórar skrár eru almennt þungar í vinnslu.

Í byrjun nóvember á síðasta ári fékk rannsóknarþjónustan tilkynningu um vandamál tengdum gagnavinnslum á Iðunni með Macintosh tölvum. Að beiðni rannsóknarþjónustunnar hafði Nýherji beint samband við viðeigandi rannsakendur og gerði þær tæknilegu breytingar sem þurfti, þetta þarf enn að gera í hvert skipti. Jafnframt fékk rannsóknarþjónustan tilkynningu um að SPSS á svæði Félagsvísindasviðs væri ekki nothæft. Eftir að málið var skoðað með Nýherja komumst við að því að SPSS leyfi Háskóla Íslands virkar ekki á fjaraðgangi (sbr. á terminal servis uppsetningu). Reiknistofnun Háskóla Íslands var strax látin vita og hefur hún pantað rétta tegund leyfis.

Rannsóknarþjónustan fær reglulegar beiðnir um afhendingu niðurstöðuskjala (output) sem hún fer yfir og sendir rannsakendum í kjölfari. Almennt er beiðin eftir niðurstöðuskjölum stutt, eða um það bil 2 klukkustundir. Þó hefur það gerst að rannsóknarþjónustunni hefur borist beiðni um skjöl þegar starfsmaður

rannsóknþjónustunnar er ekki á staðnum og þá hefur rannsakandi fengið skjölin sín daginn eftir.

b. Yfirlit um stöðu umsókna, afgreiðsla og ferlið

Margrét sagði frá því að fjölmargar fyrirspurnir og umsóknir hefðu borist rannsóknþjónustunni frá síðasta fundi. Fyrsta skref margra sem hafa áhuga á nýta gögn Hagstofunnar í rannsóknum sínum er símtal til rannsóknþjónustunnar. Rannsóknþjónustan fer þá yfir umsóknarferlið, kostnað, hvernig aðgangur að gögnum er veittur og hindrun rekjanleika. Gagnlegt næsta skref hefur verið að rannsakandi og rannsóknþjónustan fundi stuttlega með sérfræðingi viðeigandi gagna hjá Hagstofunni. Þessir fundir hafa í nokkrum tilfellum endað með því að rannsakandi áttar sig á að hann þurfi í raun ekki aðgang að trúnaðargögnum (örgögnum) til að svara rannsóknarspurningunni sinni, að sérvinnsla sérfræðinga Hagstofunnar nægja. Þetta á t.d. við þegar rannsakendum nægir að fá upplýsingar um heildir (aggregated data), t.d. tíðni ákveðinni hópa. Það hefur jafnframt komið fram á fundi með sérfræðingi að nýta megi upplýsingar Hagstofu Íslands, sem eru öllum aðgengilegar á vef stofnunarinnar, til að svara spurningu rannsakanda.

Rannsóknþjónustan hefur fengið umsóknir þar sem rannsakendur biðja um kostnaðaráætlun vegna gagnabeidni til að láta fylgja styrkumsóknum. Þessir rannsakendur hafa þá sett umsóknir sínar í bið á meðan þeir bíða eftir niðurstöðum styrkumsókna.

Rannsóknþjónustan hefur fengið nokkrar fyrirspurnir og eina umsókn um aðgang að samnorrenum gögnum. Umsóknin barst á sænsku og það rannsóknþjónustan rannsakanda um að skila umsókn á ensku, sem er nú í ferli.

Rannsóknþjónustan hefur fengið tvær umsóknir um viðkvæm gögn þar sem rannsakendur fóru fram á afhendingu gagna í stað aðgangs að þeim í gegnum Iðunni. Rannsóknþjónustan hafnaði báðum beiðnum strax. Auk umsókna um afhendingu viðkvæmra gagna hefur rannsóknþjónustan fengið fjórar umsóknir um afhendingu einstakra breyta til að auðga viðkvæm gagnasett. Þessar umsóknir hafa verið til skoðunar hjá Hagstofu Íslands. Ákvörðun hefur verið tekin að rannsóknþjónustan geti orðið við beiðnum um afhendingu gagna í sérstökum undantekningatilfellum, þ.e. þegar beðið er um lýðfræðilegar breytur (sem ekki eru skilgreindar sem viðkvæmar hjá Hagstofunni) fyrir auðgun viðkvæmra rannsóknargagna. Í flestum tilfellum á þetta við um viðkvæm heilbrigðisgögn. Notendahópurinn var almennt sammála um að líklega væri mikilvægt að verða við slíkum beiðnum. Sveinn benti á mikilvægi þess að reglur um slíkt væru mjög skýrar. Tinna Laufey fjallaði jafnframt um að þrátt fyrir að reglur væru skýrar þyrfti að fara yfir hvert tilfelli fyrir sig vandlega, þar sem umsóknir að þessu tagi, eða vísindarannsóknir almennt, væru fjölbreytilegar.

Margrét sagði frá því að rannsóknþjónustan hefði í samstarfi við aðra aðila á Hagstofunni unnið að því að einfalda og skýra ferlið við yfirferð umsókna og afgreiðslu gagna. Þrátt fyrir að tímalengt afgreiðslunnar taki nú skemmri tíma en áður tekur enn nokkra mánuði að afgreiða umsóknir. Á árinu 2017 tók allt að 10 mánuðum frá því að umsókn barst rannsóknþjónustunni þangað til að rannsakandi fékk aðgang að gögnum. Gagnabeidnir þar sem beðið er um samkeyrslu mismunandi gagna þriðja aðila geta tekið langan tíma þar sem

rannsóknþjónustan þarf að bíða eftir gögnum frá öðrum aðilum. Þetta á sérstaklega við þegar þarf að samkeyra gögn við gögn annarra stofnana.

Því skýrari sem umsóknir sem berast rannsóknþjónustunni eru (t.d. nákvæmar skilgreiningar á breytum og hvert þýði rannsóknarinnar er) því styttri tíma tekur að afgreiða umsóknir. Rannsóknþjónustan stefnir á að að afgreiðsla umsókna taki 8-12 vikur.

c. *Kostnaður rannsakanda*

Í byrjun árs sendi rannsóknþjónustan fjórum rannsakendum reikning fyrir kostnaði við afgreiðslu á umsóknum um aðgang að trúnaðargögnum. Meðal kostnaður var rúmlega 500 þúsund krónur. Fjórir rannsakendur fengu jafnframt reikning fyrir aðgangi að Iðunni fyrir síðari hluta árs 2017, en sá kostnaður var 87.500 krónur. Rannsóknþjónustan sendir reikninga fyrir aðgang að Iðunni tvisvar á ári.

d. *Kynningar rannsóknþjónustunnar*

Á undanförunum mánuðum hafa Margrét og Ólafur Arnar haldið nokkrar kynningar á rannsóknþjónustunni. Kynningar hafa verið haldnar meðal starfsmanna á Félagsvísindasviði HÍ, á Menntavísindasviði HÍ, í Háskólanum í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Kynningin fyrir starfsfólk Háskólans á Akureyri fór fram í gegnum fjarfundakerfið Zoom.

Í öllum kynningum hefur verið farið yfir samstarfsverkefni fyrir meistaranemendur en enn hefur ekki borist fyrirspurn vegna verkefnisins. Margrét sagði frá því að rannsóknþjónustan stefni á að auka samskipti við viðeigandi aðila hjá deildum háskólanna og kynna verkefnið á ítarlegri hátt.

Framundan eru kynningar meðal starfsmanna Félagsráðgjafadeildar HÍ, önnur kynning fyrir Félagsvísindasvið og kynning á Heilbrigðisvísindasviði.

3. *Samstarf við aðrar stofnanir*

a. *NordMan*

Anton fór stuttlega yfir stöðu NordMAN verkefnisins. Fjármögnun verkefnisins lauk um áramótin 2017/2018 og er nú verið að vinna lokaskýrslu verkefnisins sem verður bæði afhent Nordforsk og hagstofustjórum norrænu hagstofanna.

Vinna verkefnisins hefur beinst a tveimur meginþáttum, annars vegar að bæta þjónustu við rannsakendur sem nota örgögn frá fleiri en einni af norrænu hagstofunum og hins vegar að setja upp samnorrænt lýsigagnalíkan fyrir birtingu lýsigagna fyrir samnorræn rannsóknarverkefni. Vel hefur tekist að uppfylla fyrri þáttinn þar sem rannsóknarverkefni styrkt af Nordforsk hafa verið notuð sem prufur í verkefninu.

Seinni hluti verkefnisins hefur verið að mestu uppfylltur þar sem sameiginlegt lýsigagnakerfi hefur verið sett upp og samþykkt. Upplýsingatæknilausn fyrir birtingu lýsigagna er einnig tiltækt fyrir norrænu hagstofurnar frá sænska vísindaráðinu. Það sem hins vegar vantar upp á er að hlaða upp lýsigögnum frá hagstofunum í kerfið. Fyrir Hagstofu Íslands verður það verkefni ársins

2018 að skrasetja lýsigögn fyrir örgagnasöfn stofnunarinnar og birta í téðri upplýsingatæknilausn (sem nefnist RUT).

Voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að Hagstofan legði áherslu á skráningu lýsigagna fyrir örgagnasöfn stofnunarinnar. Frekari upplýsingar um verkefnið má sjá á vefsíðu NordMAN: <http://nordman.network>

b. Eurostat

Ólafur greindi frá því að Hagstofa Íslands hafi nú aðgang að Horizon 2020 sem er nýlegt umsjónarkerfi um styrki Hagstofu Evrópusambandsins. Horizon 2020 er stærsta rannsóknar og nýsköpunar styrkjarkerfi Evrópusambandsins. Hagstofa Íslands vinnur nú að aðferðafræði um aðgengi að Horizon 2020, aðferðafræði sem tryggir gagnsæi og jafnræði í styrktarumsóknum.

c. Ríkislögreglustjóri

Margrét sagði frá því að Hagstofa Íslands hefði í samstarfi við Ríkislögreglustjóra sent inn styrkumsókn til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir rannsókn á kynferðislegu áreiti og ofbeldi sem hefði verið samþykkt. Rannsóknin mun annars vegar skoða umfang og eðli kynferðislegs áreitis og ofbeldis á Íslandi og hins vegar kanna ólíkar leiðir til að mæla viðkvæm málefni. Gagnaöflun verður gerð með mismunandi hætti (með símakönnun, heimsóknarviðtölum og í gegnum net) og settir upp spurningalistar með ólíkri röðun spurninga. Rannsóknin verður nokkuð umfangsmikil og mun kanna ofbeldi gegn bæði konum og körlum og sérstök áherslu lögð á að fá fólk með erlendan bakgrunn til að svara. Svarendur munu eiga þess kost að svara spurningalistanum á íslensku, ensku eða pólsku.

d. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Í mars á síðasta ári gerði Hagstofa Íslands samstarfsamning við Félagsvísindastofnun þar sem markmiðið er að bæta innlenda rannsóknainnviði. Það er vilji beggja aðila að halda samstarfinu áfram og þá sérstaklega hvað varðar uppbyggingu lýsigagnakerfis fyrir örgögn, við áframhaldandi þróun aðferða við að hindrun rekjanleika og við að setja gögn í opin aðgang.

4. Endurskipun í notendahópinum

Á fundinum var möguleikinn á endurskipun í notendahópinum rædd. Kristjana Einarsdóttir er nýr meðlimur í hópinum fyrir hönd Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Þetta var fyrsti fundur Kristjönu. Allir meðlimir hópsins eru tilbúin í áframhaldandi þátttöku í hópnun. Guðbjörg Andrea, fulltrúi Félagsvísindastofnunar, hefur verið starfað sem fulltrúi notenda í matsnefnd rannsóknþjónustunnar. Tinna Laufey mun nú taka við þeirri stöðu.

5. Önnur mál.

Í liðnum *önnur mál* voru helstu áskoranir rannsóknþjónustunnar ræddar. Það er mat rannsóknarþjónustunnar og notendahópsins að kostnaður við aðgang að gögnum sé mörgum rannsækendum ein helsta hindrun í að nýta gögn Hagstofunnar í rannsóknum sínum.